

Nd.

722. Frumvarp

til laga um lántöku fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að 7½ milljón króna, eða jafngildi þeirra í erlendri mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa safnast hjá ríkissjóði lausaskuldir. Með láni þessu, ef það fæst og kjör þess verða aðgengileg, á að greiða þessar lausu skuldir:

1. Skuld við Barclays Bank frá 1931, £ 67500-0-0 =	kr. 1495125,00
2. Skuld við sama banka, stofnuð 1933 og 1934, £ 100735-0-0 = —	2231280,00
3. Vixillán í Búnaðarbanka Íslands	— 1600000,00
4. Skuld á hlaupareikningi nr. 1039 í Landsbanka Íslands um —	900000,00
5. Skuld við Landmandsbanken vegna ábyrgðar fyrir sildar- einkasöluna	— 265918,00
6. Vixillán í Landsbanka Íslands	— 187487,00
Samtals	kr. 6679810,00

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á því, að hér er tekið með lán Barclays Bank frá 1931. Með lögum nr. 67 frá 23. júní 1932, um lántöku fyrir ríkissjóð, var gefin heimild til þess að taka lán til greiðslu á þessu láni og enska láninu frá 1921. Sú heimild hefir nú verið notuð að því er enska lánið frá 1921 snertir, og þykir því réttara að taka hitt lánið hér með, og verður þá lántökuheimildin frá 1932 að sjálfsögðu ekki notuð meir en orðið er.

Að sjálfsögðu er gengið út frá því, að hægt sé að nota hluta af lánsheimildinni, þótt eigi sé hún notuð að fullu.